

eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. **106**

27. des.

## 3. gr.

Við a-lið 1. málsg. 22. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans.

Í stað orðanna „án frádráttar nokkurs kostnaðar“ í 2. másl. 2. mgr. sömu greinar komi: án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að halda eftir og greiða.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

107

27. des.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Hlutafélagið skal njóta sömu réttinda og Landsbankanum eru veitt í 50. og 52.—58. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

## L Ö G

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

108

27. des.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1953 leggja á tekjur ársins 1952 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum: